



ÁRSSKÝRSLA

FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA UM STARFSEMI FF 2017

LÖGÐ FRAM Á 7. AÐALFUNDI
FÉLAGS FRAMHALDSSKÓLAKENNARA
26.-27. APRÍL 2018
GRAND HÓTELI, REYKJAVÍK

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 4 |
| Stjórn og nefndir | 4 |
| Starfsmannahald | 5 |
| Kjaramál | 5 |
| Lífeyrismál | 6 |
| Fulltrúafundir | 6 |
| Erindrekstur, fræðsla og útgáfa | 7 |
| Karlagata 15 | 7 |
| Félagsdómur | 7 |
| Skólamál | 8 |
| Skólamálanefnd FF | 8 |
| Símenntun og starfsþróun | 8 |
| Framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ | 9 |
| Félagsdeildir | 9 |
| Hlutverk og starfsemi | 9 |
| Fjárframlög og almennar verklagsreglur | 10 |
| Skýrslur og upplýsingar | 11 |
| Aðal- og stjórnarfundir | 11 |
| Trúnaðarmenn | 12 |
| Styrkir til mannauðstengdra verkefna | 12 |
| Samstarfsnefndir | 13 |
| Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara | 13 |
| Erlent samstarf | 14 |
| Nordiske Lærerorganisationernes Samråd (NLS) | 14 |
| Annað erlent samstarf (ETUCE og EFEE) | 15 |
| Alþjóðakennarasamtökin | 15 |
| Vísindasjóður FF og FS | 15 |

Inngangur

Skipulag Félags framhaldsskólakennara (FF) er eins og annarra aðildarfélaga KÍ, þ.e. eins konar speglun á skipulagi sambandsins. Helstu stofnanir félagsins eru stjórn, samninganefnd, skólamálanefnd og Vísindasjóður FF/FS og leggur það, í samræmi við lög KÍ og skipulag, til fulltrúa í fast samstarf á vettvangi KÍ. Ýmsum erindum sem berast til KÍ er vísað til félagsins.

Félagið hefur í samræmi við lög KÍ sjálfstæði um lögbundin verkefni sín í meginmálaflokkum, kjaramálum og samningagerð, skólamála, innra starfi og félagsmálum. Félagið heldur uppi samstarfi við félagsdeildir í framhaldsskólum sem eru grunneiningar félagsins, formenn, trúnaðarmenn og samstarfsnefndir. Félagið annast erindrekstur við félagsdeildir, heldur árlegan fulltrúafund með formönnum deilda þau ár sem ekki er haldinn aðalfundur og stendur fyrir ýmsum öðrum fundum.

Skýrsla sú sem hér er lögð fram fjallar um starfsemi Félags framhaldsskólakennara á árinu 2017. Starfsárið var vindasamt og unnið með mörg krefjandi verkefni, oft í móttbyr. Formaður og stjórn félagsins þakka öllum þeim sem hafa gefið sér tíma til að sinna trúnaðarstörfum í þágu félagsins fyrir þeirra framlag á kjörtímabilinu.

Stjórn og nefndir

Stjórn Félags framhaldsskólakennara 2014-2018 skipa Guðríður Arnardóttir, formaður, Hanna Björg Vilhjálmisdóttir, varaformkona, Óli Njáll Ingólfsson, ritari sem var áður varamaður en tók við embætti í ágústmánuði af Reyni Þór Eggertssyni sem sneri sér að öðrum störfum erlendis, Guðjón Hreinn Hauksson og Guðný Lára Petersen voru meðstjórnendur og Rannveig Klara Matthíasdóttir varamaður. Stjórn fundaði formlega 9 sinnum á árinu (sjá [fundargerðir](#) stjórnar).

Samninganefnd félagsins skipar stjórn félagsins, auk eftirfarandi fulltrúa: Brynjólfur Eyjólfsson (MA), Guðbjörn Björgólfsson (FB), Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir (MS), Sólveig Ebba Ólafsdóttir (MK), Ingvar Arnarson (FG) og til vara Anna Fanney Ólafsdóttir (MK). Samkvæmt ákvæðum laga FF um samninganefnd skipar nefndin fulltrúa félagsins í viðræðunefnd.

Í viðræðunefnd félagsins, sem ræðir við samninganefnd ríkisins, sitja Brynjólfur Eyjólfsson (MA), Guðbjörn Björgólfsson (FB), Sigrún Lilja Guðbjörnsdóttir (MS), Sólveig Ebba Ólafsdóttir (MK) og Ingvar Arnarson (FG). Sérfræðiráðgjöf veita Elna Katrín Jónsdóttir (KVSK), Steinunn Inga Óttarsdóttir, sérfræðingur FF og Oddur S. Jakobsson, hagfræðingur KÍ.

Skólamálanefnd félagsins skipuðu tímabilið 2014-2018: Anna María Gunnarsdóttir (FB), formaður, og fulltrúar tilnefndir af fagfélögum: Magnús Hlynur Haraldsson (BHS), Hólmfríður Sigþórsdóttir (FLB), Kristen Mary Swenson (FÁ) og Leifur Ingi Vilmundarson (MS). Varamenn voru Guðjón Ragnar Jónasson (MR) og Gunnar Már Antonsson (TS). Varamenn hafa starfað með nefndinni allt tímabilið og sitja nú sem aðalfulltrúar eftir að Leifur færðist yfir í Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS) og Hólmfríður fór í námsleyfi. Anna María Gunnarsdóttir situr í framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ sem formaður skólamálanefndar FF.

Í stjórn Vísindasjóðs FF/FS starfa fulltrúar FF og FS saman. Fulltrúar FF í sjóðstjórn voru kjörnir á aukaaðalfundi 2016: Ólafur Þórisson (MS) er formaður, Jón Ragnar Ragnarsson (MH) og varamaður: Gísli Þór Sigurþórsson (MS). Fulltrúi FS í sjóðstjórn er Kolbrún Kolbeinsdóttir (TS) og varamaður hennar er Dröfn Viðarsdóttir (FVA).

Í uppstillingarnefnd voru kjörin á aðalfundi 2014: Anna Sigríður Davíðsdóttir (MA), Guðjón Ragnar Jónasson (MR), og Halldóra Sigríður Sigurðardóttir (MH). Varamenn voru Baldvin Björgvinsson (FB) og Hjálmar Þór Baldursson (BHS).

Í kjörstjórn voru kjörin á aðalfundi 2014: Lóa Steinunn Kristjánsdóttir (formaður) (MS), Kristján Kristjánsson (TS) og Halldís Ármannsdóttir (FB).

Félagslegir skoðunarmenn reikninga voru kjörnir á aðalfundi 2014: Ásdís Ingólfssdóttir (KVSK) og Garðar Þór Garðarsson (FS), varamaður: Ragnheiður G. Gunnarsdóttir (FS).

Starfsmannahald

Samtals er FF með tvö stöðugildi á sínum snærum.

Formaður FF (100%): Guðríður Arnardóttir. Helstu verkefni: Formaður stjórnar og samninganefndar FF, forsvar um samningagerð við ríki og einkaaðila, aðstoð og ráðgjöf við samningagerð í skólum, gerð stefnumótunar og viðræðuáætlana. Formaður ber ábyrgð á daglegri starfsemi félagsins og hefur yfirumsjón með rekstri þess samkvæmt lögum FF. Formaður sér um samskipti við lögmennt og opinbera aðila og meðferð einstaklingsmála. Umfjöllun um lög og reglugerðir í kjara- og réttindamálum, skóla- og menntamálum. Fulltrúi í stjórn KÍ og í stjórn Kjararáðs KÍ, samskipti og samstarf innan KÍ og vegna samskipta við önnur bandalög opinberra starfsmanna.

Sérfræðingur í skólumálum og félagsmálum (50%). Anna María Gunnarsdóttir. Formaður skólumálanefndar FF og faglegur ráðgjafi í skólumálum. Umfjöllun um fagleg málefni framhaldsskólans og skólumál, fyrirvar um þau og um málefni kennaramenntunar og símenntunar, samskipti og þjónusta við félagsfólk. Upplýsingasöfnun- og miðlun um skóla- og menntamál og verkefni á sviði norræns samstarfs. Samskipti við félagsdeildir um málefni þeirra og miðlun upplýsinga. Gert er ráð fyrir að sérfræðingur sitji í ýmsum nefndum og ráðum vegna framhaldsskólans með ýmsum aðilum sem gerir kröfu um vinnu utan Kennarahúss.

Sérfræðingur í kjara- og réttindamálum (50%): Steinunn Inga Óttarsdóttir. Sérfræðileg ráðgjöf og aðstoð vegna samningagerðar við ríki, einkaaðila og vegna samningagerðar í skólum. Sérfræðileg ráðgjöf við túlkun á kjarasamningum, lögum og reglugerðum í kjara- og réttindamálum, lögum og reglugerðum um framhaldsskóla. Aðstoð í kjara-, réttindamálum og vinnumati, samskipti og þjónusta við félagsfólk. Gert er ráð fyrir að sérfræðingur sé fulltrúi félagsins vegna framhaldsskólans í ýmsum nefndum og ráðum með ýmsum aðilum sem gerir kröfu um vinnu utan Kennarahússins. Auk þess er Steinunn Inga fulltrúi Vísindasjóðs FF og FS í hálfu starfi.

Anna María Gunnarsdóttir og Steinunn Inga Óttarsdóttir eru í hálfu starfi sem sérfræðingar á kjara- og réttindasviði FF. Breytinga er að vænta á skrifstofu FF á nýju ári þar sem Anna María tekur við sem varaformaður KÍ í apríl 2018. Það er einsýnt að um leið og Anna María fer til annarra starfa, þarf félagið að bæta við sig starfsfólki til að veita áfram framúrskarandi þjónustu við félagsmenn.

Kjaramál

Yfirstandandi kjarasamningagerð er lagskipt. Þar eru rædd miðlæg ákvæði samningsins, efndir á fyrri samningi frá árinu 2014 er varðar vinnumat og meginbreytingar á námstíma til stúdentsprófs og svo laun.

Kjarasamningur Félags framhaldsskólakennara rann út 31. október 2016. Á grundvelli 14. greinar kjarasamnings félagsins frá mars 2014 gengust félagsmenn undir friðarskyldu til eins árs gegn því að fá sömu launahækkanir og BHM á árinu 2017. Í janúar 2017 tóku gildi breytingar á vinnumati og miðlægum sýnidæmum sem samningsaðilar höfðu sammælt um. Þannig var hægt fá fjármuni til að

lagfæra helstu vankanta vinnumatsins. Með þessu viðbótarsvigrúmi var hægt að sníða af nokkra helstu vankanta vinnumatsins, þar sem öll sýnidæmi neðra þreps voru færð á efra þrep, vinnumat jarðfræðigreina var skilgreint með raungreinum, vinna óháð nemendafjölda var sett inn í stærðfræði og dregið var úr skerðingu vegna endurtekinna áfanga.

Undir friðarskyldu héldu viðræður aðila áfram á árinu og hafa verið til umfjöllunar ýmis atriði tengd vinnumatinu. Eftir 22 samningafundi á árinu vísaði félagið samningaviðræðum til ríkissáttasemjara og er nú fundað undir verkstjórn hans. Fyrsti fundur með ríkissáttasemjara var 30. nóvember 2017.

Formaður fundaði með mennta- og menningarmálaráðherra, Kristjáni Þór Júlíussyni, þann 18. apríl. Fundurinn var boðaður að ósk FF þar sem reglugerð nr. 6/2001 var breytt gegn gildandi ákvæðum í kjarasamningi félagsins frá 2014. Fallist var á að reglugerðin stæðist ekki kjarasamning og voru tillögur að lausn ræddar á fundinum. Ný reglugerð nr. 260/2017 inniheldur engin ákvæði um leyfisdaga framhaldsskóla eins og fyrri reglugerð en með breyttum lögum um framhaldsskóla frá 2008 var lagastoð ekki lengur fyrir ráðherra að setja reglugerð um leyfisdaga. Samningsaðilar komu saman á grundvelli greinar 11.5 í kjarasamningi og sendu út sameiginlega yfirlýsingu til þeirra sem túlka kjarasamninginn að þótt ný reglugerð hefði tekið gildi skyldu ákvæði fyrri reglugerðar gilda um framhaldskólakennara þar til um annað væri samið í kjarasamningi.

Enn var fundað með mennta- og menningarmálaráðherra, Lilju Dögg Alfreðsdóttur, ásamt fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og hagfræðingi KÍ, þann 24. janúar sl. Farið var yfir stöðu mála við samningaborðið og ráðherra upplýstur um ákvæði kjarasamningsins frá 2014 sem félagið telur óefnd.

Lífeyrismál

Breytt lög um lífeyrissjóði opinberra starfsmanna tóku gildi um mitt ár 2017. Í reynd hafði lagabreytingin engin áhrif á þá opinberu starfsmenn sem munu taka lífeyri á grundvelli B-deildar LSR og þá félagsmenn sem höfðu náð 60 ára aldri þegar lögin tóku gildi.

Með breyttum lögum verður réttindaávinnsla opinberra starfsmanna sambærileg almennum markaði sem felst aðallega í því að fallið er frá jafnri ávinnslu í aldurstengda ávinnslu. Í stuttu máli þá safna þeir sem yngri eru á vinnumarkaði hlutfallslega meiri réttindum við lífeyristöku en þeir sem eldri eru.

Opinberir starfsmenn sem greiddu í LSR fyrir gildistöku laganna halda þó óbreyttri réttindaávinnslu út starfsævina verði ekki rof á ráðningarsambandi lengur en 12 mánuði í senn.

Ríki og sveitarfélög gerðu upp áfallnar skuldbindingar miðað við tryggingafræðilegar skuldbindingar sjóðanna um áramótin 2016/2017 og greiddu þannig upp óbeina bakábyrgð A deildarinnar fram að samþykkt laganna.

Fulltrúafundir

Haldnir voru tveir fulltrúafundir á árinu, þann [27. apríl](#) og [10. nóvember](#). Á fyrri fundinum var hefðbundin dagskrá, með umræðum um Vísindasjóð og vinnumat. Þar var samþykkt [ályktun](#) um ríkisfjármálaáætlun 2018-2022 þar sem framlög til framhaldsskóla eru skert og um ný lög um lífeyrissjóði þar sem rekið er á eftir efnudum á aðgerðum varðandi jöfnun launa á milli markaða. Á fundinum 10. nóvember var rætt um frávísun Félagsdóms, horfur í samningamálum og kjarasamningsbundið fjárframlag til mannauðsmála félagsins (0,1%), auk þess sem starfsreglum kjörstjórnar var breytt til að tryggja kost á rafrænum kosningum í félaginu. Á fundinum var einnig samþykkt að ganga frá sölu á íbúðinni á Karlagötu.

Erindrekstur, fræðsla og útgáfa

Erindrekstur til félagsdeilda hefur verið með hefðbundnu sniði. Formaður félagsins hefur lagt land undir fót og að venju heimsótt nær allar félagsdeildir skólanna um land allt. Steinunn Inga Óttarsdóttir, starfsmaður félagsins, hefur fylgt formanni í landsbyggðarskólana enda mikilvægt að starfsmenn félagsins þekki skóla landsins og kynni sér starfsemi þeirra.

Þá hefur formaður margoft fundað með kennurum og stjórnendum í tilteknum framhaldsskólum vegna ýmislegra réttindamála en drjúgur tími fer í réttindagæslu hjá félaginu. Ráðningarmál eru fyrirferðarmikil en það er skýr afstaða FF að tímabundnir ráðningarsamningar séu ólöglegir nema í afleysingum.

Fréttabréf FF, *Rauða eplið*, kemur út að jafnaði á tveggja vikna fresti. Alls voru 22 tölublöð send til félagsmanna í tölvupósti 2017. Lestur meðal félagsmanna mætti vera meiri, tæp 30% opna fréttabréfið skv. mælingum MailChimp en þar telur ekki opnun frá samfélagsmiðlum. Fréttabréfinu er einnig deilt á facebook-síðu félagsins, þar eru daglega færslur um helstu fréttir og viðburði og oftast ef tilefni gefst.

FF tók í annað sinn þátt í ráðstefnunni *Framhaldsskóli í þróun*. Ráðstefnan var haldin í húsnæði MH 22. september og fjallaði í víðu samhengi um skólaþróun og nýbreytni í skólastarfi. Þátttaka var með eindæmum góð og fjöldi erinda frá kennurum og háskólasamfélaginu þar sem sagt var frá því nýjasta sem er á döfinni innan skólasamfélagsins.

Lára Stefánsdóttir, skólameistari MTR, skaraði fram úr í könnun sem FF gerði á viðhorfi félagsmanna til stjórnunarháttá og fagmennsku skólameistara í september 2017. Sextán spurningar voru lagðar fyrir og dregnar saman niðurstöður úr svörum „mjög sammála“ og „frekar sammála“. Liðlega helmingur kennara í MTR tók þátt í könnuninni. Þátttaka félagsmanna almennt reyndist aðeins vera rúmlega 22% að meðaltali. Aðeins í 11 skólum af 30 var þátttaka meiri en 20%. Hugmyndin er að könnunin verði hér eftir gerð árlega. Byrjað var að undirbúa hana árið 2016 en verkefnið fór ekki vel af stað þar sem Skólameistarafélag Íslands lét stöðva framkvæmdina á grundvelli persónuverndarsjónarmiða. Leitað var ráðgjafar hjá Gallup sem hefur unnið kannanir SFR og voru spurningar endurskoðaðar og svarkvarðar sömuleiðis og könnunin framkvæmd í gegnum „Mínar síður“. En ætla má að þetta langa tilhlaup skýri dræma þátttöku félagsmanna.

Karlagata 15

Karlagata 15 var seld á árinu. Stjórn FF ákvað með staðfestu samþykki fulltrúafundar 2017 að setja hana á sölu enda íbúðaverð í 101 Reykjavík í sögulegu hámarki. Fasteignin er auk þess komin á tíma varðandi viðhald og mat stjórnar var að líklega mætti hámarka virði þess að selja íbúðina á þessum tímamarki. Um var að ræða 37,63% eignarhlut í þriggja íbúða húsi við Karlagötu en íbúðin er 49 fm að stærð ásamt 2,8 fm geymslu. Söluverð var 28,7 milljónir og hefur verið greitt að fullu og lagt inn á séreignarreikning FF.

Félagsdómur

Á árinu 2016 skar Félagisdómur úr ágreiningi um útfærslur meginbreytinga á fyrirkomulagi náms í framhaldsskóla. Réttmætt sjónarmið félags framhaldsskólakennara og túlkun síðasta kafla 7. greinar kjarasamnings aðila frá 2014 var að það bæri að meta áhrif „styttingarinnar“ á vinnu kennara innan framhaldsskólanna.

Það voru því gríðarleg vonbrigði þegar félagsdómur vísaði frá ágreiningi um gildi samkomulags sem félagið gerði við Kvennaskólann í Reykjavík um einmitt þetta mat á vinnu kennara. Félagsdómur taldi samkomulagið ekki byggja á miðlægum kjarasamningi og því ekki félagsdómtækur.

Forysta félagsins hefur vísað þessu máli inn í samninganefnd félagsins og fjalla aðilar nú um lyktir þess við samningaborðið. Það má ljóst vera að ekki verður hægt að ganga frá kjarasamningi fyrr en búið er að efna öll ákvæði kjarasamningsins frá 2014.

Skólamál

Hlutverk Félags framhaldsskólakennara er bæði að gera kjarasamninga og fara með málefni félagsmanna Kennarasambands Íslands sem sinna kennslu eða ráðgjöf í framhaldsskólum. Undir þann hluta starfseminnar falla skólamál, innra starf, félagsdeildir, erlent samstarf og margvíslegur erindrekstur.

Skólamálanefnd FF

Skólamálanefnd er skipuð fimm fulltrúum samkvæmt félagslögum. Formaður er kosinn sérstaklega á aðalfundi félagsins en faggreinafélög kennara tilnefna síðan fulltrúa í nefndina sem eru kosnir á sameiginlegum fundi formanna allra faggreinafélaga á framhaldsskólastigi á grundvelli skriflegra tilnefninga. Formaður skólamálanefndar stýrir þeirri kosningu.

Skólamálanefnd hefur starfað eftir starfsáætlun sem byggir á skólamálakafla starfsáætlunar FF. Fundir skólamálanefndar hafa að jafnaði verið haldnir einu sinni í mánuði. Guðjón Ragnar Jónasson hefur að jafnaði ritað fundargerðir.

Síðasta kjörtímabil hefur skólamálanefndin fundað á fjögurra vikna fresti en sjaldnar yfir sumarið. Fundir hennar verða yfir 20 þegar tímabilinu lýkur. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um fagleg málefni og skólamál í samráði við stjórn félagsins og skólamálaráð KÍ, vinna að eflingu kennaramenntunar og endurmenntunar félagsmanna og annast tengsl við faggreinafélögin. Nefndin hefur leitast við að fylgjast með umræðu um skóla- og menntamál og taka þátt í fundum og kynningum eftir því sem unnt er. Samkvæmt starfsáætlun skólamálanefndar 2014-2018 skiptust meginverkefni nefndarinnar í átta þætti: Samstarf innan KÍ, samstarf við stjórn FF, upplýsingamiðlun, samstarf við faggreinafélög, samstarf við aðrar fagnefndir, þátttöku í samstarfi um kennaramenntun og endurmenntun, vinna vegna nýrra laga um framhaldsskóla og norrænt samstarf. Helstu verkefni skólamálanefndar þetta starfstímabil hafa að einhverju leyti helgast af þeim málum sem efst hafa verið á baugi hjá félaginu. Hér verður nokkrum þeirra gerð sérstök skil.

Símenntun og starfsþróun

Eitt af þeim málum sem hafa verið í brennidepli hjá skólamálanefndinni er símenntun og starfsþróun kennara. Nefndin hefur fylgst vel með þessum málaflokki og tekið þátt í vinnu Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara.

Fagráð um símenntun var skipað 2012 með þátttöku KÍ, HA, HÍ, LHÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga eftir að undirbúningshópur hafði starfað í tvö ár. Hlutverk þess er að greina þarfir skólasamfélagsins, miðla upplýsingum og setja fram hugmyndir um stefnu varðandi símenntun/starfsþróun kennara. Hluti af tillögnum var að ráða starfsmann en það hefur dregist úr hömlu. Samkvæmt nýjustu upplýsingum verður það gert í mars eða apríl 2018. Í ráðinu sitja 20 fulltrúar, þar af 5 í stýrihópi sem á

að halda utan um vinnuna og fara með framkvæmd verkefna. Fyrir hönd FF situr Anna María Gunnarsdóttir í hópnum.

Framkvæmdastjórn skólamálaráðs KÍ

Formaður skólamálanefndar FF situr í framkvæmdarstjórn skólamálaráðs KÍ og tekur þátt í vinnu þess. Ráðið hélt að jafnaði fundi mánaðarlega frá ágúst/september og fram í maí og þar var fjallað um ýmis erindi og mál samkvæmt skólastefnu og starfsáætlun. Árið 2017 voru haldnir 11 fundir.

Helstu verkefni skólamálaráðs voru verkefni sem snerust um menntun barna og ungmenna í leit að alþjóðlegri vernd, framkvæmd samþykktar þings KÍ frá 2014 um eflingu list- og verkgreina, málþing um náms- og kennsluefni, samstarf við Menntamálastofnun, vinna að eflingu leiðsagnar nýliða, samstarf við kennaranema og faggreinafélög kennara. Þá kom skólamálanefnd að skipulagi skólamálaþings á alþjóðadegi kennara sem haldinn var í Hörpu, 5. október 2017. Yfirskrift þingsins var „Innfædd á internetinu: breyttur heimur, snjallari nemendur“. Aðalfyrirlesari var skóla- og fræðimaðurinn dr. Zachary Walker sem hélt þar tvö erindi.

Um starfsemi skólamálaráðs KÍ má lesa nánar í ársskýrslu KÍ á slóðinni

http://www.ki.is/images/Skrar/KI/Arsfundir_og_thing/2018/Thing2018_arsskyrsla_2017_260318.pdf

Félagsdeildir

Félagsdeildir í framhaldsskólum komu til sögunnar með stofnun Félags framhaldsskólakennara árið 1999 og nýs Kennarasambands og lögfestingu ákvæða í lögum FF um að félagsdeildir séu grunneining félagsins. Félagsdeild í hverjum framhaldsskóla endurspeglar með smærra sniði skipulag FF á sama hátt og skipulag félagsins er speglun á skipulagi KÍ. Félagsdeildir eru samtals 31, í tveimur framhaldsskólum er ekki starfrækt félagsdeild.

Hlutverk og starfsemi

Á aðalfundi FF 2011 voru sett ítarlegri ákvæði um félagsdeildir í lög félagsins til að skýra betur hlutverk þeirra en þeim er ætlað að vinna að hagsmunamálum félagsmanna FF á viðkomandi vinnustað. Miklu máli skiptir fyrir allt starf og árangur félagsins að deildirnar séu virkar í sínu starfi.

Anna María Gunnarsdóttir, sérfræðingur FF í skóla- og félagsmálum, sér um mál sem snerta félagsdeildirnar almennt, safnar saman upplýsingum um starfsemi þeirra, greiðir þóknanir samkvæmt ákvörðunum síðasta aðalfundar og stjórnar FF, svarar spurningum formanna og sendir erindi frá félaginu þar sem óskað er eftir ýmsum upplýsingum.

Hlutverk félagsdeilda er að vera málsvari félagsmanna FF á vinnustaðnum, vinna að kjara-, réttinda- og faglegum málefnum þeirra í samstarfi við FF og KÍ og kjósa fulltrúa á fulltrúafund og aðalfund FF og á þing KÍ. Helstu verkefni sem félagsdeildirnar hafa sinnt skv. skýrslum 2017 eru upplýsingagjöf vegna kjarasamninga, samstarf við samstarfsnefndir og vinna tengd stofnanasamningum, almenn félagsstörf (þ.á.m. kosning fulltrúa), hagsmunagæsla og fræðslufyrirlestrar. Einn skóli nefndi námsferð, annar að framkvæma mat á stjórnendum og stoðþjónustu skólans og sá þriðji að fylgjast með umræðu um yfirtöku sveitarfélags á skólanum. Haustið 2017 kallaði félagið sérstaklega eftir hver yrðu helstu verkefni félagsdeildanna það árið og eins var spurt um áhrif nýrrar námskrár í skólanum. Sem helstu verkefni nefndu flestir skilgreiningar á vinnumat, að standa vörð um hagsmuni kennara, endurskoðun stofnanasamninga, mat á áhrifum vinnumats á starfsemi í skólanum, fræðslufundi vegna mannauðstengdra verkefna, réttindagæslu o.fl. Hvað varðar áhrif nýrrar aðalnámskrár nefndu

flestir fækkun stöðugilda, minni kennslu í mörgum greinum, minni yfirvinnu og að í kjölfar styttingar náms til stúdentsprófs hafi nemendaígildum fækkað.

Fjárframlög og almennar verklagsreglur

Samkvæmt fjárhagsáætlun FF fyrir tímabilið 2014-2018 voru fimm milljónir kr. ætlaðar árlega til starfsemi félagsdeilda og setur stjórn FF reglur um skiptingu þessarar upphæðar milli þeirra. Á fulltrúafundi haustið 2015 var sú upphæð hækkuð um eina milljón króna árlega.

Heildarframlög til félagsdeilda voru sem hér segir:¹

| Ár | Framlög til félagsdeilda |
|------|--------------------------|
| 2014 | 5.362.509 kr. |
| 2015 | 7.721.743 kr. |
| 2016 | 5.847.676 kr. |
| 2017 | 6.823.847 kr. |

Deildirnar hafa skilað upplýsingum um starfsemi sína, ársreikninga og stöðu á bankareikningum á haustin og hafa deildir ekki fengið fjárframlög ef þær hafa þá átt innistæður á reikningum sínum sem samsvöruðu fjárframlagi fyrra árs til þeirra. Þetta hefur þýtt að ekki hafa allar deildir fengið greidd fjárframlög ef svo hefur háttað til. Fjárframlög til deilda hafa skipst í eftirfarandi þætti:

1. Til félagsstarfs deilda. Helmingur skiptist jafnt milli deilda og helmingur í samræmi við fjölda félagsmanna FF í hverri deild.
2. Umbun til trúnaðarmanna hefur verið greidd í tvennu lagi, helmingur fyrir haustönn og helmingur fyrir vorönn. Ákveðinn hluti er tiltekin lágmarkspóknun vegna grunnstarfa trúnaðarmanna og skiptist jafnt milli þeirra. Hinum hlutanum er skipt milli deilda eftir fjölda félagsmanna FF í hverri deild.
3. Umbun til fulltrúa FF í samstarfsnefndum skóla er greidd eftir á miðað við tiltekinn hámarksfjölda funda og í samræmi við fjölda félagsmanna FF í deildinni, fundasetur eru greiddar í tvennu lagi, fyrir haustönn og vorönn. Formenn þurfa að senda skilagreinar um fundi í samstarfsnefndum fyrir hvora önn. Greiddar eru kr. 2000 fyrir hvern aðalfulltrúa FF í samstarfsnefnd.
4. Umbun til formanna félagsdeilda. Fjárframlaginu hefur verið skipt í samræmi við fjölda félagsmanna FF í hverri deild.

Verklagsreglur voru settar um notkun á þeim hluta fjárframlaga sem fer til félagsstarfs deilda sem byggjast á reglum KÍ um fjárframlög til svæðafélaga/félagsdeilda aðildarfélaga:

1. Kostnaður vegna stjórnar- og félagsfunda félagsdeildar.
2. Kostnaður vegna fræðslu eða fyrirlestra á félagsfundum deildar.
3. Önnur verkefni sem stjórn félagsdeildar ákveður og eru í þágu félagsstarfseminnar.

¹ Sjá nánar í ársreikningum FF. Ástæða þess að upphæðir árlega eru hærrí en 6 milljónir er vegna aukaframlaga til mannauðsmála félagsdeildanna.

Þetta felur í sér að fjárframlögum til félagsstarfs skal ekki verja til starfsemi sem er styrkhæf hjá Vísindasjóði FF/FS.

Skýrslur og upplýsingar

Innan Félags framhaldsskólakennara (FF) eru 30 félagsdeildir starfandi veturinn 2017-2018. Upplýsingar í samantektinni eru byggðar á eyðublaði FF sem sent var með netpósti á formenn félagsdeilda í byrjun október 2013 og allar deildir skiluðu inn svörum á tímabilinu nóvember-desember 2017.

Félagsdeildir FF 2017-2018 eru:

- | | |
|---|---|
| 1. Borgarholtsskóli (BHS) | 16. Framhaldssk. í Vestmannaeyjum (FÍV) |
| 2. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra (FNV) | 17. Iðnskólinn í Hafnarfirði (IH) |
| 3. Fjölbrautaskóli Suðurlands (FS) | 18. Kvennaskólinn í Reykjavík |
| 4. Fjölbrautaskóli Suðurnesja (FSU) | 19. Menntaskólinn að Laugarvatni (ML) |
| 5. Fjölbrautaskóli Vesturlands (FVA) | 20. Menntaskólinn á Akureyri (MA) |
| 6. Fjölbrautaskólinn í Ármúla (FÁ) | 21. Menntaskólinn á Egilsstöðum (ME) |
| 7. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti (FB) | 22. Menntaskólinn á Ísafirði (MÍ) |
| 8. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (FG) | 23. Menntaskólinn í Reykjavík (MR) |
| 9. Fjölmennt | 24. Menntaskólinn í Kópavogi (MK) |
| 10. Flensborg (FLB) | 25. Menntaskólinn við Hamrahlíð (MH) |
| 11. Framhaldsskóli Snæfellinga (FSN) | 26. Menntaskólinn við Sund (MS) |
| 12. Framhaldsskólinn á Laugum (FL) | 27. Tækniskólinn (TS) |
| 13. Framhaldsskólinn A-Skaftafellssýslu (FAS) | 28. Verkmenntaskóli Austurlands (VA) |
| 14. Framhaldsskólinn á Húsavík (FSH) | 29. Verkmenntaskólinn á Akureyri (VMA) |
| 15. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ (FMOS) | 30. Verzlunarskóli Íslands (VÍ) |

Tveir framhaldsskólar eru starfandi án félagsdeildar, þ.e. Menntaskóli Borgarfjarðar og Menntaskólinn á Tröllaskaga. Þar að auki starfar trúnaðarmaður í Menntamálastofnun þar sem 14 starfsmenn eru í FF.

Aðal- og stjórnarfundir

Árlegir aðalfundir félagsdeilda eru ýmist haldnir á vor- eða haustönn. 13 skólar af 30 halda eða stefna á að halda aðalfund á vorönn og 16 skólar á haustönn. Upplýsingar um tímasetningu aðalfundar vantaði frá einum skóla. Fjöldi á aðalfundi félagsdeilda var frá 7,1% upp í 95,7% félagsmanna FF í viðkomandi skóla. Í tveimur deildum var ekki vitað um fjölda á aðalfundi.

Fjöldi stjórnarfunda félagsdeilda á vorönn 2013 var frá einum upp í tíu talsins. Sumar félagsdeildir funduðu aldrei en mesti fundafjöldi í félagsdeild var sex sinnum.

Trúnaðarmenn

FF hélt fræðslufund fyrir trúnaðarmenn sína, 14. mars (á pí-daginn) á Fosshóteli við Þórunnartún, og tók þátt í kostnaði við fræðslunámskeið fyrir trúnaðarmenn sem fræðslunefnd KÍ skipulagði 11. október á Grand hóteli. Námskeiðið var aðallega ætlað nýjum trúnaðarmönnum. Þar greindi Hjördís Sigursteinsdóttir frá niðurstöðum úr könnun meðal félagsmanna KÍ á einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað sem gerð var í febrúar 2017. Svörun var góð og mældist mest hjá FF. Fram kom að einelti mældist mest meðal félagsmanna FF eða tæp 10% og andlegt ofbeldi mældist mest meðal grunn-og framhaldsskólakennara eða 13%. Boðið var upp á streymi frá fræðslunni og upptaka af henni gerð aðgengileg á heimasíðu KÍ.

Að auki hélt félagið námskeið fyrir trúnaðarmenn sína, stjórn og samninganefnd dagana 13. og 14. september sem haldið var í Safnaðarheimili Neskirkju. Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari, kenndi þar um meðferð mála samkvæmt stjórnarsýslurétti og upplýsingalögum. Alls sátu um 40 manns námskeiðið sem gerður var góður rómur að.

Heildarframlög til trúnaðarmanna hækkuðu á árinu úr 3,5 milljónum í 4,5 milljónir sem er 28% hækkun. Þá ákvað stjórn að greiða þóknun fyrir endurskoðun stofnanasamninga gegn staðfestingu frá formanni félagsdeildar um að samningurinn hafi verið kynntur á félagsfundum og greinargerðar um áorðnar breytingar.

Styrkir til mannauðstengdra verkefna

Í bókun 1 sem fylgdi kjarasamningi Félags framhaldsskólakennara og SNR þann 4. apríl 2014 var kveðið á um að 0,1% iðgjald til mennta- og fræðslusjóða, sem um getur í samkomulagi aðila um breytingar á kjarasamningum vegna ríkisrekinnna framhaldsskóla 15. febrúar 2013, verði nýtt til að stuðla að aukinni þekkingu um mannauðsmál og til að styrkja stöðu þeirra sem starfa í umboði Kennarasambands Íslands í framhaldsskólum. Þann 2. desember sama ár var ákveðið að nýta hluta þessa fjár þannig að formenn félagsdeilda gætu sótt um styrki vegna námskeiða, fyrirlestra, starfsdaga eða sérstakra verkefna sem sannarlega styrkja mannauð á hverjum stað í nokkuð víðu samhengi. Skilyrði var að styrkurinn gagnaðist kennarahópnum jafnt. Hámarksupphæð var ákvörðuð 200.000 krónur og auk þess var ákveðið að taka tillit til ferðakostnaðar fyrirlesara/námskeiðshaldara á landsbyggðinni.

Styrkir til kennarafélaga frá hausti 2016 voru sem hér segir:

| Haust 2016- vor 2017 | |
|--------------------------------------|---------|
| Fjölbrautaskólinn Ármúla | 45.000 |
| Menntaskólinn í Hamrahlíð | 200.000 |
| Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | 200.000 |
| Flensborg | 182.000 |
| Haust 2017- vor 2018 | |
| Menntaskólinn á Ísafirði | 102.874 |
| Menntaskólinn í Reykjavík | 200.000 |
| Framhaldsskólar á Norðurlandi-Eystra | 560.905 |

Samstarfsnefndir

Í ársbyrjun árið 2017 tók stjórn FF ákvörðun um að greiða fulltrúum félagsins, sem eiga sæti í samstarfsnefnd skóla, þóknun fyrir að endurskoða stofnanasamninga. Þóknunin er greidd af 0,1% framlagi ríkisins til mannauðsmála.

Eftirtaldir skólar hafa endurskoðað stofnanasamninga sína síðan.

- Menntaskólinn á Ísafirði
- Borgarholtsskóli
- Fjölbautaskólinn í Breiðholti
- Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ
- Fjölbautaskóli Suðurnesja
- Verkmenntaskólinn á Akureyri
- Menntaskólinn í Hamrahlíð

Helstu verkefni samstarfsnefnda skólanna eru endurskoðun stofnanasamninga og viðbótarsamkomulög tengd þeim ásamt upplýsingamiðlun og kjaramálum/launasetningu almennt. Önnur sértæk atriði sem voru nefnd voru t.d.:

- Þrepanotkun, endurmenntun og alúð
- Ákvæði um starfsaldurshækkunir
- Endurmenntunaráætlun
- Endurskoðun á launaröðun kennara
- Umsjón
- Alúðargreiðslur í tengslum við sameiginleg verkefni skv. stofnanasamningi
- Hópastærðir, skertir áfangar
- Hækkun um einn launaflokk fyrir 2 þrep
- Semja um innleiðingu námskrár

Í tengslum við yfirstandandi kjarasamninga er bókunin í endurskoðun þar sem samningsaðilar telja nauðsynlegt að hluti fjármunanna renni til stuðnings félagsmönnum við innleiðingu vinnumats.

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara skipuleggur og styrkir endur- og símenntun framhaldsskólakennara. Hlutverk nefndarinnar er að ráðstafa því fé sem menntamálaráðuneytið úthlutar til endurmenntunar framhaldsskólakennara ár hvert. Nefndin fer yfir umsóknir og gerir tillögur um styrkveitingar. Nefndin mótar jafnframt stefnu sjóðsins, m.a. tegund verkefna sem styrkt eru og verklagsreglur.

Árið 2014 afréði stjórn SEF að festa í sessi styrkveitingar til einungis tveggja styrkjaflokka: sumarnámskeiða og gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja til faggreinafélaga og skóla. Árið 2015- 2017 ákvað stjórn SEF að veita styrki til þriggja styrkjaflokka: sumarnámskeiða, gestafyrirlesara og ráðstefnustyrkja og einingabærra námskeiða í háskólum fyrir kennara í verk- og tæknigreinum. Jafnframt hefur nefndin boðað formenn eða fulltrúa úr stjórnnum faggreinafélaga á fund að hausti til að undirbúa umsóknir um endurmenntunarnámskeið (sumarnámskeið) sem faggreinafélögin skipuleggja. Þar hafa einnig verið kynnt störf nefndarinnar og fjármál.

Nefndina skipa:

- Fulltrúi menntamálaráðuneytis og formaður nefndarinnar: Sigurjón Mýrdal
- Fulltrúi Háskóla Íslands: Edda Kjartansdóttir
- Félag íslenskra framhaldsskóla: Kristinn Þorsteinsson (Steinn Jóhannsson leysti Kristin af haustið 2016 vegna námsleyfis)
- Félag framhaldsskólakennara: Anna María Gunnarsdóttir, Hanna Björg Vilhjálmsdóttir (2014-2016), Kristen Mary Swenson (2016-2018), Hólmfríður Sigþórsdóttir leysti Kristen af vegna námsleyfis (skólaárið 2016-2017).

Umsýslu sjóðsins annaðist Margrét K. Sverrisdóttir (frá Rannsóknarmiðstöð Íslands, Rannís) þar til að Sigrún Ólafsdóttir (Rannís) kom aftur úr fæðingarorlofi í ágúst 2014. Í október 2015 tók Jón Svanur Jóhannsson við allri umsýslu innlendra menntasjóða hjá miðstöðinni og þar á meðal SEF. Hefur hann annast sjóðinn síðan. Rannís sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfræði, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og greiðslur styrkja.

Sumarnámskeið SEF í samstarfi við faggreinafélög síðustu ár

| Ár | Fjöldi námskeiða | Fjöldi kennara sem sótti námskeiðin |
|------|------------------|-------------------------------------|
| 2014 | 21 | 419 |
| 2015 | 19 | 489 |
| 2016 | 24 | 528 |
| 2017 | 27 | 658 |

Fjárhagsstaða sjóðs SEF desember 2017

| | |
|----------------------|------------------|
| Af fjárlagalið | 49.400.000 |
| <u>Fært frá 2016</u> | <u>3.609.435</u> |
| | 53.009.435 |

Útgjöld

| | |
|--|----------------|
| Sumarnámskeið | 18.700.649 |
| Ferðakostnaður kennara af landsbyggðinni | 3.232.049 |
| Gestafyrirlestra- og ráðstefnustyrkir | 12.120.000 |
| Umsýsla Rannís | 2.216.106 |
| Vettvangsnám 2017-18 | 1.395.000 |
| Einingabært nám í háskólum 2017-18 | <u>723.750</u> |
| | 38.387.554 |

Erlent samstarf

FF tekur þátt í erlendu samstarfi, m.a. við kennarasamtökin á Norðurlöndum og á alþjóðalega vísu.

Nordiske Lærerorganisationernes Samråd (NLS)

Félag framhaldsskólakennara tekur þátt í norrænu samstarfi félaga framhaldsskólakennara á Norðurlöndum innan Sambands norrænu kennarasamtakanna (NLS). Á deildar- og stjórnarfundum

skiptast fulltrúar félaganna á skoðunum um málefni kennara og skólastjórnenda á Norðurlöndum. Fulltrúar FF í framhaldsskóladeild NLS eru Guðríður Arnardóttir, Anna María Gunnarsdóttir og Steinunn Inga Óttarsdóttir.

Svíþjóð (Läraryörbundet) fór með forystuhlutverk samtakanna árið 2017. Einn hefðbundinn sektorsfundur NLS var haldinn í Stokkhólmi árið 2017. Meginþemað 2017 var Samspel och likvärdighet - en unik nordisk möjlighet, sjá nánari upplýsingar á heimasíðu NSL. www.nls.info. Áhugavert var einnig að fræðast um hvernig Svíar haga móttöku og skólagöngu flóttabarna.

Annað erlent samstarf (ETUCE og EFEE)

Fulltrúi FF sótti sameiginlegan fund Evrópskrar samstarfsnefndarinnar um menntun og þjálfun (ETUCE) og Evrópskra samtaka atvinnulífsins um eflingu verk- og tæknináms (EFEE) 24. nóvember 2017 í Brussel. Á fundinum var fjallað um hlutverk atvinnulífs, kennara, skólastjórnenda og kennarasamtaka í eflingu verk- og tæknináms. Fjallað var um málin út frá stjórnsýslu, menntun, skólakerfi, kennurum, vinnustaðanámi og nemendum. Meginniðurstaða fundarins var sú að til þess að efla verk- og tækninám þarf að grípa til margs konar aðgerða, s.s. skipuleggja verknámsvikur, þjálfa kennara fyrir miklar breytingar framundan, breyta starfsaðstæðum og launum, hafa í huga að mennta nýja kynslóð verkgreinakennara og búa til stuðningsnet fyrir starfandi kennara. Í fundarlok samþykktu Evrópska samstarfsnefndin um menntun og þjálfun (ETUCE) og Evrópsk samtök atvinnulífsins um eflingu verk- og tæknináms (EFEE) [skuldbindandi samkomulag](#) í nokkrum þáttum um að vinna saman til að auka aðdráttarafi verk- og tæknináms og bæta ímynd þess.

Alþjóðakennarasamtökin

Þrír fulltrúar FF fóru fyrir Kennarasamband Íslands á ráðstefnu Alþjóðakennarasamtakanna (Education International) undir yfirskriftinni: „Fyrirtaksmenntun undir forystu kennara“ (Unite for Quality Education and Leadership) í Rotterdam, 3.-5. maí. Einkavæðing í menntakerfinu, fagmennska í skólastarfi og forysta kennara voru til umfjöllunar og lykilspurningar ráðstefnunnar voru: Hver erum við, hvað verður um okkur og hver hefur um það að segja? Það er mikilvægt að allar breytingar í menntakerfinu séu gerðar í samstarfi við kennara og undir forystu kennara. Öll framfaraskerf sem hafa verið stigin í menntakerfinu hafa verið leidd af kennurum.

Lykilfyrirlesarar ráðstefnunnar voru Andrew Hargreaves, Pasi Sahlberg, Dennis Shirley og Maggie MacDonnel, kennari ársins 2017, ásamt fleirum sem leiða rannsóknir á starfsumhverfi og hlutverki kennara. Alþjóðakennarasamtökin hafa tekið skýra afstöðu gegn einkavæðingu í menntakerfinu. Það teljast mannréttindi að hvert mannsbarn hafi aðgang að gæðamenntun óháð stétt, stöðu og efnahag. Hlutverk skólanna er einmitt að jafna aðstöðumun barna með mismunandi bakland og tryggja að öll börn hafi sömu tækifæri í lífinu.

Vísindasjóður FF og FS

Vísindasjóður FF og FS hefur verið í KÍ húsi frá nóvember 2016 er og búið að ganga frá formlegum samningi um þjónustu við sjóðinn. Eins og sjá má af reikningum sjóðsins fyrir síðasta ár hefur rekstrarkostnaður lækkað verulega um leið og þjónusta hefur batnað.

Fyrirverandi formaður sjóðsins hefur ekki viljað afhenda bókhaldsgögn fyrir 2016. Auk þess liggja ekki fyrir undirritaðir ársreikningar sjóðsins frá árunum þar á undan. Eftir mikla eftirgangsmuni, sem ekki báru árangur, varð úr að stjórn Vísindasjóðs fór fram á aðfararbeiðni til að fá bókhaldsgögn sjóðsins afhent. Úrskurður dómara snerist um að ekki hefði tekist að sýna fram á, svo hafið væri yfir allan vafa, að til aukaaðalfundarins 2016 hefði verið boðað með lögumætum hætti (boðað var með sama

hætti til aðalfundar 2014 þegar fyrri stjórn var kosin) en til að sýna fram á slíkt hefði félagið þurft að kalla eftir póstsamskiptum milli FF og félagsdeilda og hefja málarekstur að nýju. Félagslega hefur málið verið erfitt og var ákveðið að láta kyrrt liggja.

Þar sem fullreynt þótti að fá reikningana afhenta, gekk gjaldkeri sjóðsins í að hafa samband við viðskiptavini sjóðsins 2016 og safnaði upplýsingum svo hægt væri að ljúka endurskoðun. Málið hefur kostað sjóðinn allnokkra fyrirhöfn og fjármuni enn eina ferðina. En nú liggja fyrir staðfestir ársreikningar sjóðsins 2016 og 2017 sem hægt er að endurskoða og loks er hægt að leggja heildstætt mat á eignir sjóðsins og skuldbindingar. Fortíðin er liðin og tímabært að snúa sér að öðru.

Reykjavík, 18. apríl 2018

Fyrir hönd stjórnar Félags framhaldsskólakennara

Guðríður Arnardóttir